

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 560/1995 um löggiltar iðngreinar, námssamninga, sveinspróf og meistararéttindi.

#### 1. gr.

Við 4. gr. bætist ný málsgrein svohljóðandi:

Ef fyrir hendi eru aðstæður sem valda því að ekki reynist unnt að fullnægja ákvæðum námskrár um nám og starfsþjálfunartíma í löggiltri iðngrein, setur menntamálaráðherra reglur um sérstaka tilhögun náms, starfsþjálfunar og réttindaveitingar í iðngreininni, að fengnum tillögum hlutaðeigandi fræðslunefndar. Áður en til staðfestingar kemur skal afla umsagnar Iðnfræðsluráðs.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í ákvæði 22. gr., sbr. 40. gr. laga um framhaldsskóla nr. 57/1988 með áorðnum breytingum, og öðlast þegar gildi.

*Menntamálaráðuneytinu, 23. janúar 1996.*

**Björn Bjarnason.**

*Stefán Baldursson.*

Nr. 112

13. febrúar 1996

## AUGLÝSING

### um sameiningu Sléttuhrepps og Ísafjarðarkaupstaðar.

Samkvæmt lögum nr. 131/1995 um breytingu á sveitarstjórnarlögum nr. 8/1986, með síðari breytingum, skal Sléttuhreppur í Norður-Ísafjarðarsýslu sameinaður Ísafjarðarkaupstað. Af því tilefni tilkynnir félagsmálaráðuneytið eftirfarandi:

Ísafjarðarkaupstaður tekur yfir allt það land sem tilheyrir hefur Sléttuhreppi.

Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem hugsanlega hafa tilheyrir Sléttuhreppi skulu falla til Ísafjarðarkaupstaðar.

Bæjarstjórn Ísafjarðarkaupstaðar fer með stjórn á því svæði sem tilheyrir hefur Sléttuhreppi.

Sameining þessara sveitarfélaga skal taka þegar gildi.

*Félagsmálaráðuneytinu, 13. febrúar 1996.*

**Páll Pétursson.**

*Sesselja Árnadóttir.*